

36. fundur hjá æskulýðs-og íþróttanefnd 16.febrúar 2010

Mættir eru:

Katrín Pálsdóttir, Einar Gunnarsson, Vignir Sveinsson, Eydís Eypórsdóttir, Margrét Ísleifsdóttir.

1. Skýrslur íþrótt-og tómstundafulltrúa Stykkishólmbæjar

Eydís kynnti hvað er á döfinni hjá unga fólkinu, sem byggt er á hugmyndum frá krökkunum. Tölvuleikjamót var 15. feb, tókst vel til. Samféshátíðin verður 5. mars, og verður hún með hefðbundnum hætti. Ýmislegt fleira er á döfinni, t.d. spila og spjallkvöld, gler og leirnámskeið, ánægja var með þau námskeið fyrir áramót og þau vel sótt. Ljósmyndanámskeið hefur verið í gangi í umsjón Þorsteins Eypórssonar.

Hitabreytir í loftræstikerfi bílaði í innilaug, einnig er hitastýring í útilaug að bíla og er þetta kostnaðarsamar og óvæntar bilanir. Búið er að ráða Jónínu Víglundsdóttir í fullt starf. Búið er að fara yfir og laga mestu skemmdirnar á girðingu utan um íþróttavöll til bráðabirgða. Vignir leggur til að settur verði gaddavír ofan og neðan á girðingu til að hlífa henni við frekari skemmdum. Leggur nefndin til að úrbætur verði gerðar fyrir 1.maí.

2. Önnur mál

Svar kom frá bæjarráði vegna síðustu fundargerðar lið 2:

Samþykkt var að ráða mann í fullt starf yfir sumarið til að sjá um íþróttavöllinn ásamt fleiru í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Tekið var fyrir bréf sem barst til bæjarstjórnar frá Eypóri Arnari og Marteini Óla f.h. krakka í Stykkishólmi varðandi hjólabraut úr mold. Nefndin tekur vel í hugmyndina og munum við boða þá á næsta fund til að ræða þetta frekar.

Sign

Katrín Pálsdóttir

Margrét Ísleifsdóttir